

ÁGÆTIR ÖLDUNGAR

I

Þegar menn fara að þiggja uppgötvanir mínar, og mér tekst að sigra þau vandræði, sem áður er um getið, og svo miklu hafa eytt af kröftum mínum, mun ég skrifa margt um vini mína, lífs og liðna. Ég mun skrifa um foreldra mína, um Hlíðarhjón, Gest heitinn á Hæli, Þorstein heitinn Erlingsson, Guðjón heitinn Baldvinsson, sem var efni í svo merkilegan rithöfund; Brand frá Eyri, þennan tilkomumikla, gamla sjógarþ; docent Magnús Jónsson, annan mann af Snæfellsnesinu, sem á skilið, að ég greiði fyrir skilningi á því, hversu merkilegur maður hann er; systur mínar, Benedikt G. Waage, kappann Jóhannes Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Guðmund Finnbogason, Bjarna Sæmundsson, þennan fyrirmyndar borgara, sem hefir unnið þrefalt og þjóðnýtt starf fyrir svo lítil laun, að einungis sumum íslenskum náttúrufræðingum og rithöfundum, hefir smánarlegar launað verið. Og um marga aðra mun ég skrifa, innlenda og útlenda. Og eigi síður mun ég um þá skrifa annarra vegna en sjálfra þeirra, því að án þess að menn séu rétt metnir, getur þjóð ekki þrifist.

Að þessu sinni ætla ég að minnast á nokkra ágæta útlendinga, sem þannig hafa verið gagnvart mér, að hinum mikla málstað sé stuðningur að. Og löngu eftir að þess stuðnings er ekki frammar þörf, mun standa þeim til maklegs heiðurs, það sem um þá er sagt í þessari fyrstu bók hins nýja tíma.

II

Jarðfræðingurinn próf. James Geikie í Edinburgh, sem nú er dáinn fyrir nokkrum árum, var einn af merkustu

vísindamönnum hins breska ríkis. Geikie kom á framfæri ritgerð minni um rannsóknir mínar 1899 (The Glacial Palagonite-Formation of Iceland; the Scottish Geograph. Magazine, 1900), og lagaði á henni málið. Nokkrum árum seinna bað ég þennan ágæta öldung um meðmæli, og skrifaði hann þá: originality. Vitanlega skrifaði hann sitthvað fleira, en þetta sem nefnt var, nægir til að sýna gáfur hans. Þegar orðið originality er haft um vísindamann, þá þýðir það: sjálfstæði það, sem þarf til að fara sína eigin leið og leiða í ljós nýjan sannleik. Það má líka segja, að það þýði: hæfileiki til að finna í einhverjum verulegum atriðum, hvað réttara er en það sem áður var haldið. En enginn finnur af eigin rammleik “geni“ eða frumleik hjá öðrum, nema hann eigi slíkt sjálfur til.

Annar ágætur öldungur og framúrskarandi jarðfræðingur, sem mér er skylt að nefna, er F. W. Harmer, einn af elstu náttúrufræðingum enskum, kominn um nírætt. Mér hefir verið það mikið áhugamál, að vekja eftirtekt á pliocenu jarðlögum á Tjörnesi, því að dýraleifar frá þeim tíma eru annars ókunnar á svæði sem tekur yfir milljónir ferkílómetra af norðurhveli jarðar. Af ýmsum ástæðum hélt ég, að helst mundi takast að vekja áhuga enskra náttúrufræðinga á þessum lögum, og skrifaði þess vegna grein um þau, sem prentuð var í einu af merkustu jarðfræðitímaritum, The Quarterly Journal of the Geological Society of London. Harmer hefir nú, í sínu mikla og fagra verki um pliocenar skeljar, einnig lýst skeljum úr Hallbjarnarstaðakambi, og greitt þannig fallega fyrir frekari rannsókn á þessum stórmerkilega stað.

Þegar ég kom til Lundúna, 1908, bauð Harmer mér til sín, þar sem hann var úti í sveit við rannsóknir. Hinn kappsamasti var hann við starfið, þó að gamall væri orðinn. Mér féll einkennilega vel að vera með hinum ágæta öldungi, og kunni ég ekki svo gerla þá að gera mér grein fyrir, hvornig á því stóð. En nú skil ég það, og lesendur Nýals, sem þekkja stillilögmálið, munu skilja það líka. Þegar við sátum við borðið saman síðast, sagði Harmer: You will have a great

Future, og má geta nærri, að mér þótti gott að heyra, að slíkur maður, skyldi spá mér mikilli framtíð í vísindum. Og löngu eftir að ég er hættur að þarfnast stuðnings af þessum orðum hins ágæta öldungs, munu þau vera honum sjálfum til maklegs heiðurs.

Hinn þriðja ágætismann breskan, sem ég vil minnast hér á, prófessor John MacMillan Brown, hefi ég því miður aldrei séð. Bók hans, Limanora, hefi ég minnst á hér áður. Og mikil hugsvölun var mér það á þessum erfiðu árum, að lesa þá bók. Satt að segja hafði ég haldið, að það væri ekki til svo vel rituð bók, hér á jörðu. Sé ég spurður, hver sé merkilegastur breskra rithöfunda, þeirra sem nú eru uppi, þá segi ég hiklaust MacMillan Brown. Vilji menn sjá, hvernig göfugmenni og vitringur skrifar, þá skulu þeir lesa hina fögru bók hans um Java og þær eyjar, (*The Dutch East*, 1914). Ég á bréf úr 4 heimsálfum, og frá miklum merkis-
mönnum, en engin sem sýna eins vel hið andlega stórmenni og þau sem þessi ágæti öldungur hefir skrifað mér, og mun slíkt ekki koma þeim á óvart, sem lesa t. d. kaflana um líf-
ernisfræði, vísindi og trúarbrögð, í bók hans Limanora.

Prófessor Brown á heima á Nýja Sjálandi, en þar er það land, sem mér hefir leikið einna mestur hugur á að sjá, á jörðu hér, og ef til vill væri mér óhætt að lofa því vinum mínum, að ég skyldi skrifa sitthvað, sem þeim þætti gott að lesa, þegar ég hefði þangað komið.

Herulf Winge er enn maður, sem Nýall verður að nefna. Danmörk mun í sumum greinum vera mesta menningarlandið á jörðu hér, og Winge er einn af toppum danskrar menningar, eins og sjá má af hinu mikla verki hans, *E museo Lundii*. Ég hygg að á sínu svæði dýrafræðinnar, eigi Herluf Winge ekki neinn sinn líka á jörðu hér. Winge sýndi mér á námsárum mínum mikla vináttu, og lagði mikla stund á að fræða mig, þó að ekki væri hann kennari minn að lögum. Og leiðbeiningar manns, sem er meistari á sínu svæði, voru sérstaklega mikilsverðar fyrir ungling, sem hafði svo mikinn hug á að reyna til að skilja eitthvað í sögu lífsins. Á

skólaárum mínum hafði ég fyrir áeggjan Þorvaldar Thoroddsens lesið bók Darwins um uppruna tegundanna. Nú kenndi Winge mér að skilja hina miklu hugsun Lamarcks, um þýðingu viðleitninnar fyrir allan líkamsvöxt og breytileik tegundanna. Winge kenndi mér að skilja, að það er heilinn sem mótar hauskúpuna, vöðvinn beinið, og viðleitnin vöðvann. (Vöðvi þýðir það sem hreyfist eða kvikar, alveg eins og mys í grísku, og musculus í latínu. Sbr. Wade á þýsku). En án slíks undirbúnings, sem nú var sagt, hefði ég aldrei getað skilið, hvernig lífið heldur áfram, og hvernig guðir og djöflar eru ekkert annað en eðlilegt framhald slíkrar lífssögu, sem hér á jörðu hefir gerst. Og ef til vill kenndi Winge mér, með tilsögn sinni í beinafræði (Osteologi), jafnvel ennþá fremur en nokkur annar af mínum ágætu kennurum, þá nákvæmni í athugun, sem var skilyrði fyrir því, að ég gæti lært að athuga drauma, og fært þannig út svæði náttúrufræðinnar.

III

Vinur minn, Gísli Guðmundsson, sem hefir sýnt svo eftirtektarverða hæfileika til hagnýtrar náttúrufræði, gerlafræði og efnafræði, dvaldi í haust eð var á Þýskalandi, og hlýddi þá á fjölsóttan og framúrskarandi góðan fyrirlestur, sem hinn nafnkunni norrænufræðingur, prófessor Hugo Gering, hélt um íslenskar bókmenntir. Segir Gísli mér, að hinn ágæti öldungur hafi nefnt þar Nýal, og að vísu í sambandi við kenningar Einsteins. Sýnir þetta hve mikill vitmaður prófessor Gering er. En mér þótti þessi tíðindasaga Gísla góð, af því að það sem hún þýðir, er ekkert minna en það, að erfið tilraun er að byrja að takast.

Fyrir löngu hafði ég ásett mér að reyna, hvort ekki mætti skrifa þannig íslensku, að þó næði til útlendinga. Engan veginn duldist mér, að tilraunin mundi verða vandasöm, og hyggilegra að dvelja heldur í útlöndum, og skrifa ensku eða þýsku, eins og ég hefði vel getað lært. Erfiðleikarnir urðu

ennþá meiri vegna þess, að það var ekki skáldskapur, sem ég ætlaði að rita, en margir, jafnvel þótt nokkuð menntaðir séu, telja ekki annað til bókmennta en skáldskap, og gæta ekki að því, að það sem ræður, hvort telja skuli ritverk til listabókmennta, er eingöngu það, hvort ritað er af list, en ekki hvort skáldskapur er, eða ritgerð, vísindaleg eða heim-spekileg.

Tvennt var það, sem ég varð að treysta á í þessari tilraun minni. Annað var það, að landar mínir héldu mér fram við útlendinga, sem svo miklum rithöfundum, að vert væri að lesa ritgerðir mínar á íslensku. Hitt var, að útlendingar sem íslensku lesa, væru svo gáfaðir að taka eftir þessum ritgerðum, jafnvel þó að landar mínir reyndust mér ekki þeir bræður að baki sem æskilegt hefði verið, og drengilegt.

Þegar nú þar var komið fyrir mér í þessari brekkusókn minni, að ég fór að rita á íslensku um ný vísindi og nýja heimspeki, þá varð enn til muna brattari brekkan en áður. Jafnvel hjá stórþjóð, er ákaflega erfitt að koma fram nýrri heimspeki, og jafnvel annar eins vitringur og stórsnillingur í ritmennt og Schopenhauer, ritaði framundir 20 ár, án þess að nokkur veitti því eftirtekt, að þar var afreksmaður að snilld og viti.

Það er eðlilegt fyrir mig að tala um bratta og brekkur, því að ég hefi marga torsóttu skriðu farið í rannsóknnum mínum; og þegar við lá, að lúinn fengi yfirhönd, hefi ég oft horft upp í brún, og hugsað, að skrambi langt væri eftir enn. Og oft hefir líkt verið í þessari tilraun minni, og æði hátt upp í brún að líta, því að takmarkið sem ég ætla mér að ná, er að ritgerðir mínar verði kunnar um alla jörð, þó að fyrst séu á íslensku ritaðar. En nú er ekki orðið svo hátt upp í brún að líta, og takmarki mínu mun ég ná, og finna mun fólkíð hér nokkurn mun á verða, um eitt og annað, þegar orð Íslendinga, sem íslenskar hugsanir hugsar, fara að ná til alls mannkyns.

En þeir sem styðja mig í þessari ekki alveg eigingjörnu tilraun, eins og hinn ágæti þýski öldungur hefir nú gert svo

gáfulega, munu fá að finna, hvort það er alveg einskisvert, að eiga fyrir vin, rithöfund, sem veit í besta lagi hvað það þýðir, að menn séu nefndir af greind og vinsemd, og minnugur er á þær mikilsverðu velgerðir, sem heita liðsyrði við góðan málstað, og þær bækur, sem bera hann fram.

20. mars.